

2018

# Tjaldsvæði í Fjarðabyggð



Fjarðabyggð

Samningskaupalýsing

**Efnisyfirlit**

<b>1</b>	<b>Almennt</b> .....	2
1.1	Verkefnið.....	2
1.2	Samningskaup .....	2
<b>2</b>	<b>Þarfir og kröfur um starfsemi</b> .....	3
2.1	Verklýsing .....	3
<b>3</b>	<b>Skilmálar</b> .....	3
3.1	Trúnaður .....	3
3.2	Tillögur.....	4
3.3	Skilafrestur .....	4
3.4	Vettvangsskoðun .....	4
<b>4</b>	<b>Ítarupplýsingar</b> .....	5
4.1	Lýsing á staðháttum.....	5
4.2	Rekstrarkostnaður.....	5
4.3	Kvaðir og réttindi .....	5
4.4	Landsvæði .....	5
	<b>Trúnaðaryfirlýsing – Drög</b> .....	6
	<b>Viðauki I</b> .....	7
	<b>Viðauki II</b> .....	8

## 1 Almenn

Fjarðabýggð óskar eftir tillögum að umsjón tjaldsvæða Fjarðabýggðar. Verkið skal framkvæma í samræmi við samningskaupalýsingu þessa.

Fjarðabýggð óskar því eftir tillögu frá áhugasömum umsjónaraðila til að sjá um tjaldsvæði í Fjarðabýggð.

Um er að ræða fimm tjaldsvæði í Fjarðabýggð, eitt í hverjum byggðakjarna, ásamt þjónustuhúsum og þeim svæðum sem þeim tilheyra. Svæðin sem umræðir eru tjaldsvæðið í Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði.

Fjarðabýggð áskilur sér rétt til að taka hvaða tillögu sem er eða hafna öllum.

Umsjónaraðili sér um tjaldsvæðin samkvæmt samningi við Fjarðabýggð. Umsjónaraðili skal hafa frumkvæði við umsjón tjaldsvæðanna og nýtingu þeirra eigna og búnaðar sem tilheyra þeim samkvæmt samningskaupalýsingu.

Þessari samningskaupalýsingu er ætla að gera grein fyrir þörfum og kröfum sem Fjarðabýggð gerir til starfseminnar. Enn fremur er þeim skilmálum lýst sem um tillögugerðina gilda og hvernig val á væntanlegum umsjónaraðila fer fram.

### 1.1 Verkefnið

Óskað er eftir tillögum að umsjón tjaldsvæðanna í Fjarðabýggð.

Markmið Fjarðabýggðar er að tjaldsvæðin fimm séu hluti af grunnþjónustu fyrir ferðamenn og að rekstur þeirra sé alfarið á hendi umsjónaraðila.

Umsækjandi á umsjón tjaldsvæðanna skal leggja fram tillögu að útfærslu verkefnisins með tilliti til þeirra lágmarkskrafna og óska sem settar eru fram í samningskaupalýsingu þessari.

Samningstími er til reynslu í eitt ár frá undirritun samningsins, með heimild til framlengingar um allt að fimm ár.

### 1.2 Samningskaup

Við val á umsjónaraðila verður viðhaft samningskaupafjerli.

Umsækjandi gerir tillögu að lausn samkvæmt kröfulýsingu Fjarðabýggðar og leggur fram hugmyndir um leigufyrirkomulag.

Umsjónaraðili ákveður gjald fyrir notkun tjaldsvæða.

Tillögu skal skilað fyrir miðnætti mánudaginn 18. desember 2017, sjá kafla 3.3.

Fundað verður með hverjum umsækjanda fyrir sig þar sem gefin verður endurgjöf á framsetningu tillögu. Að fundi loknum gefst umsækjanda kostur á að lagfæra tillögu sína og leggja fram aftur ef ástæða þykir til.

Umjónaraðili verður valinn til að taka að sér tjaldsvæðin fimm út frá m.a. tillögum á fyrirkomulagi að umsjón þeirra. Æskilegt er að umjónaraðili hafi búsetu eða fasta starfsemi í Fjarðabyggð.

## 2 Þarfir og kröfur um starfsemi

Óskað er eftir því að umsækjandi leggi fram lýsingu á því hvernig hann hyggst haga þeirri starfsemi og kynningu sem lýst er í þessum kafla.

Umhverfisstjóri, í umboði eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar, er tengiliður sveitarfélagsins við umjónaraðila, eftirlitsaðili eiganda og sér um úrlausn mála sem kunna að koma upp.

### 2.1 Verklýsing

Umjónaraðili skal hafa umsjón með rekstri tjaldsvæðanna og sjá um umhirðu þeirra. Æskilegt er að tjaldsvæðin ásamt þjónustuhúsum skuli vera opin hið minnsta frá 15. apríl til 15. október ár hvert og haga skal opnun eftir eftirspurn á þjónustu og þegar veður og aðstæður til opunar leyfa.

Umjónaraðili er ábyrgur fyrir að halda skrá yfir fjölda gesta tjaldsvæðanna á þar til gerðum eyðublöðum og skila inn til Hagstofu Íslands. Umjónaraðili skal einnig skila skrá um fjölda gesta, auk greinargerðar til Fjarðabyggðar á hverju hausti.

Gerð er krafa um sýnileika umjónaraðila með kynningu á tjaldsvæðunum, s.s. auglýsingum. Umjónaraðili skal vera í samstarfi við Fjarðabyggð varðandi kynningu tjaldsvæðanna á þjónustusíðum sveitarfélagsins. Gerð er krafa um að umjónaraðili hagi rekstri sínum með þeim hætti að hann þjóni sem best breiðum hópi notenda svæðisins.

Umjónaraðili ræður starfsmenn til vinnu á tjaldsvæðinu sem hafi ásættanlega þekkingu, reynslu og þjónustulund til að sinna starfi við ferðamenn. Á opnunartíma svæðisins er gerð krafa um að klósett séu þrífín daglega og umgjörð tjaldsvæðanna sé hin snyrtilegasta. Umjónaraðili skal annast og bera ábyrgð á allri innheimtu tjaldsvæða- og gistigjalda.

Umjónaraðili sér um alla umhirðu tjaldsvæðanna, s.s. slátt, hirðingu beða og trjágróðurs. Einnig sér umjónaraðili um viðhald innandyrna á þjónustuhúsum s.s. þrif, málun og annað létt viðhald, greiðir rafmagn af tenglum á tjaldsvæðum og af þjónustuhúsum. Sorphirða er á ábyrgð umjónaraðila og skal hann sjá til þess að á tjaldsvæðunum sé boðið upp á flokkun á rusli.

Nánar um verklýsingu má sjá í viðauka I.

## 3 Skilmálar

Fjarðabyggð áskilur sér rétt til að hafna öllum tillögum og tilboðum sem berast í verkefnið á öllum stigum samningskaupaferilsins.

Tengiliður Fjarðabyggðar vegna þessara samningskaupa er umhverfisstjóri í samvinnu við sviðstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs og fjármálastjóra.

### 3.1 Trúnaður

Sé þess óskað munu allir, sem á einhvern hátt koma að þessu verkefni af hálfu verkkaupa, skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu við umsækjendur þar sem fullum trúnaði verður heitið vegna þeirra

upplýsinga sem þeir kunna að fá um verkefnið og tillögur umsækjenda. Eftirfarandi eru almennar leiðbeinandi reglur um samskipti fulltrúa Fjarðabyggðar (trúnaðarmaður) og umsækjenda.

Ef umsækjandi setur sig í samband trúnaðarmann skal hann upplýsa viðkomandi um að hafa samband við tengilið tjaldsvæða Fjarðabyggðar og óska eftir fundi. Á slíkum fundi verður rituð fundagerð.

Ef trúnaðarmaður og umsækjandi hittast utan formlegra funda skulu þeir ekki ræða verkefnið þar sem hann er bundinn þagnareid.

Ef trúnaðarmaður er beðinn um gögn af umsækjanda sem eru opinber eða á heimasíðu Fjarðabyggðar skal vera heimilt að verða við þeirri beiðni.

Ef beiðni er um gögn sem ekki hafa verið gerð opinber en þau eru þess eðlis að allir mega sjá þau skal trúnaðarmaður beina fyrirspurninni ásamt umbeðnum gögnum til tengiliðs.

Þegar samningskaupaferlinu lýkur er trúnaðarmaður ennþá bundinn þagnareid um tillögur umsækjenda. Drög að trúnaðaryfirlýsingu er að finna í kaflanum Trúnaðaryfirlýsing - Drög.

### 3.2 Tillögur

Skila skal tillögum í formi greinargerðar þar sem fram koma allar nauðsynlegar upplýsingar um útfærslu umsjónar þannig að unnt verði að meta það með hliðsjón af þeim atriðum sem fram koma í 2. kafla um þarfir og kröfur um starfsemi. Greinargerðin skal vera á íslensku.

Í greinargerðinni skal leggja áherslu á eftirfarandi:

1. Lýsing á starfsemi og fyrirkomulagi umsjónar tjaldsvæðanna. Í lýsingu skulu koma fram upplýsingar um reynslu og þekkingu umsækjanda og starfsfólk hans.
2. Nöfn og upplýsingar um starfsreynslu þeirra sem að rekstrinum koma.
3. Koma skal fram hvernig umjónaraðili hyggst þjónusta notendur tjaldsvæðisins.
4. Fram komi með hvaða hætti umjónaraðili hyggst haga kynningu á þjónustunni og aðgangseyri að tjaldsvæðunum.
5. Hugmyndir um gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og notkun tjaldsvæðanna.
6. Hvort umjónaraðili hyggst bjóða upp á aðra þjónustu á tjaldsvæðunum, s.s. tengt upplýsingaveitu til ferðamanna.

Lögð er áhersla á að greinargerð sé skýr og með augljósar tilvísanir í þau atriði sem fram koma í 2. kafla um þarfir og kröfur um starfsemi. Auk greinargerðar er umsækjanda heimilt að leggja fram fylgiskjöl með nánari upplýsingum um frekari starfsemi, búnað og aðra þætti er varða reksturinn.

### 3.3 Skilafrestur

Tillögum skal skilað til Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2., 730 Fjarðabyggð, fyrir miðnætti mánudaginn 18. desember 2017. Öll gögn skulu greinilega merkt „Tjaldsvæði Fjarðabyggðar 2018“. Farið verður með upplýsingar sem trúnaðarmál.

### 3.4 Vettvangsskoðun

Öllum er hafa hug á að sækja um umsjón tjaldsvæða Fjarðabýggðar ber að kynna sér aðstæður á tjaldsvæðunum og afla frekari upplýsinga hjá verkkaupa, sjá staðsetningu tjaldsvæða í viðauka II.

## 4 Ítarupplýsingar

### 4.1 Lýsing á staðháttum

Nánari upplýsingar hjá tengilið.

### 4.2 Rekstrarkostnaður

Umjónaraðila ber að greiða allan rekstrarkostnað svæðisins, þ.m.t. hita- og rafmagnskostnað auk viðhaldi á búnaði og tækjum frá 1. maí til 30. október.

Fjarðabýggð greiðir allan rekstrarkostnað á þjónustuhúsum utan tilgreinds tíma umsjónaraðilar ásamt viðhaldi utandyra, tryggingum og fasteignagjöldum.

### 4.3 Kvaðir og réttindi

Umjónaraðila er algjörlega óheimilt að gera nokkrar breytingar á svæðinu og þjónustuhúsi án skriflegs samþykkis Fjarðabýggðar.

### 4.4 Landsvæði

Tjaldsvæðin eru á landsvæði í eigu og á ábyrgð Fjarðabýggðar.

**Trúnaðaryfirlýsing – Drög**

Í tengslum við samningskaup um rekstur tjaldsvæðanna, hefur undirrituðum aðila verið veitur eða kanna að verði veittur aðgangur að trúnaðarupplýsingum sem varða samningskaupin. Okkur er ljóst að trúnaðarupplýsingarnar geta skipt miklu máli fyrir hagsmuni Fjarðabyggðar og umsækjendur í samningskaupaferlinu.

Undirritaður gerir sér grein fyrir því að afhending trúnaðarupplýsinga, í hvaða formi sem er, til hvers sem er, gæti valdið Fjarðabyggð og umsækjendum tjóni. Trúnaðarupplýsingar gætu m.a. varðað uppbyggingu starfsemi, tæknilegar útfærslur, útlitsleg atriði, kostað og tilboðsupphæðir, tilhögun og skipulaga framkvæmda, tímaáætlun svo og aðrar upplýsingar sem teljast vera sérstök eða almenn viðskiptaleyndarmál.

Í samræmi við ofangreint lýsir undirritaður yfir því sem hér fer að neðan. Yfirlýsingar undirritaðs eru óháðar því hvort einhver umsækjenda, eða sá umsækjandi sem trúnaðarupplýsingarnar stafa frá, fái samninginn;

1. Undirritaður mun ekki afhenda, í hvaða formi sem er, trúnaðarupplýsingar, til aðila, einstaklinga, fyrirtækis eða stofnanir.
2. Undirritaður mun ekki nýta sér trúnaðarupplýsingarnar í viðskiptalegum tilgangi né öðrum tilgangi en þeim að framkvæma þau verk sem honum hefur verið falið í tengslum við samningskaupin. Undirritaður samþykkir að takmarka aðgang að trúnaðarupplýsingum við þá starfsmenn sína sem nauðsynlega þurfa aðgang að þeim vegna framkvæmdar samningskaupanna.

Brot gegn þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt 230. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða, eftir atvikum, ákvæðum annarra laga, s.s. 42. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Dagsetning

Undirritun

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði aðila

---

---

**Viðauki I****Drög að verklýsingu****Verkkaupi:**

- Útvegar aðstöðuna sem er landsvæði, þjónustuhús og rafmagnstenglar.
- Sér um viðhald þjónustuhúsa utandyra, ásamt viðhaldi og lagfæringu vatnslagna, rafmagnslagna og fráveitu.
- Kostar tæmingu á rotþró.
- Sér um lagfæringu og uppbygging malarsvæða á núverandi tjaldsvæðum með rafmagnstenglum innan tjaldsvæðanna fyrir húsbíla.
- Greiðir fyrir rafmangsnótkun frá 1. október til og með 30. apríl ár hvert.

**Leigutaki:**

- Sér um alla umhirðu tjaldsvæðanna s.s. slátt, hirðingu beða sem annars trjágróðurs.
- Sér um viðhald innandyra á þjónustuhúsum s.s. mála, þrif sem annað létt viðhald.
- Sér um að greiða rafmagn af bæði þjónustuhúsum og tenglum á tjaldsvæðum frá 1. maí til og með 30. september ár hvert. Leigutaki ber ábyrgð á því að lesið sé af mælum.
- Sér um sorphirðingu, frágang sorpiláta og að það sé möguleiki á flokkun sorps á svæðunum.
- Sér um alla þjónustu við ferðamenn á tjaldsvæðunum.
- Ber ábyrgð á að tjaldsvæðin séu kynnt fyrir ferðamönnum og er í samskiptum við upplýsingafulltrúa Fjarðabyggðar um t.d. opnunartíma, þjónustu, símanúmer ofl.
- Leigutaki sér um að svæðin séu snyrtileg og opin í takti við eftirspurn, helst frá u.þ.b. 15. apríl til 15. október. Hafa skal vetraropnun tjaldsvæða mögulega á hið minnsta einu tjaldsvæðanna verði vart við eftirspurn um slíkt.

**Sérstakir viðburðir s.s. bæjar- og tónlistahátíðir:**

- Verkkaupi útvegar auka tjaldsvæði sé þess þörf og þá með rafmagni, salernum.
- Leigutaki sér um þjónustu, innheimtu og eftirlit með tjaldsvæðunum, innkoma skiptist 80/20 á milli leigutaka og verkkaupa.
- Leigutaki greiðir fyrir notkun rafmagns og leigu á salernum.

**Annað:**

- Leigutaki greiðir ekki leigu af tjaldsvæðum né þjónustuhúsum á leigutímanum.
  - 1. ár, 2018, er reynslutími, að honum loknum er möguleiki á áframhaldandi samningi til 5 ára.
- Gjaldskrá fyrir tjaldsvæðin fyrsta leiguárið, 2018, er samkomulagsatriði verkkaupa og leigutaka.



## Viðauki II

Tjaldsvæði í Neskaupstað – 0,55 ha.



Tjaldsvæði á Eskifirði – 5,3 ha, mestur hluti þess er í halla.





Tjaldsvæði á Reyðarfirði – 1,57 ha.



Tjaldsvæði á Fáskrúðsfirði – 0,38 ha.





Tjaldsvæði á Stöðvarfirði – 0,15 ha.

